

Nr. 065 / 13 Bobby 10 ÍS 370**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7603
Smíðaður: Akureyri 2007, Plast
Stærð: 4,90 brl. 4,68 bt.
Mesta lengd: 7,64 m Skráð lengd: 7,58 m
Breidd: 2,63 m Dýpt: 1,31 m
Vél: Volvo Penta 67 kW, 2007
Fjöldi skipverja:



Bobby 10©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 22. maí 2013 var skemmtibáturinn Bobby 10 ÍS 370 á frístundaveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: Hægviðri.

Bobby 10 var í útleigu til erlendra ferðamanna sem höfðu setið námskeið um meðferð svona báta. Á veiðunum komu bátsverjar vélinni ekki í gang og óskuðu eftir aðstoð. Bobby 12 kom á staðinn og dró bátinn til Suðureyrar.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn útgerðarmanns var bilun í hleðslu startgeyma sem olli því að spenna féll svo mikið að startarinn gat ekki snúið vélinni í gang;
- að sögn útgerðarmanns kunnu bátsverjar ekki að fjaðra saman neyslugeyma og startgeyma til að auka spennu inn á startarann en að sögn hans er gert ráð fyrir þeim möguleika í neyðartilvikum sem þessum;
- að útgerðarmaður sagði að leiðbeiningar fylgi bátunum og þær innihaldi nauðsynlegustu leiðbeiningar um meðferð báts og vélar en þetta tiltekna atriði sé ekki þar inni.

Nefndarálit:

Orsök atviksins var bilun í hleðslu.